

Stjórnarfundur Leiknar miðvikudaginn 29.apríl 2020

Kl.13:00-14:00.

Staður: Á vefnum í gegnum Teams forritið.

Mætt: Guðrún Vala (GV), Helgi (HS), Helga (HG), Ingibjörg (IK), Sólrún (SB) og Guðfinna (GH), sem jafnframt ritaði fundargerð. Fjarverandi: Eyjólfur (ES).

1. Covid 19 – staða innar framhaldsfræðslunnar – samráðshópur um skólahald/ aðgerðir í mennta- og vinnumarkaðsmálum sumarið 2020

GV og HS áttu sæti í samráðshópi um skólahald á tímum Covid en í þeim hópi var megináhersla á formlega kerfið en lítið rætt um framhaldsfræðsluna.

Tour de table um verkefni og helstu aðgerðir sem farið var í á símenntunarmiðstöðvunum í kjölfar samkomubanns. Nokkuð var um að miðstöðvarnar breyttu staðnámi í fjarnám og tókst það í flestum tilvikum vel. Eitthvað var um að námsmenn settu sig upp á móti breytingunni eða vantaði bæði tæki og hæfni til að stunda nám á stafrænan máta og var lítillaga rætt hversu vont var að hafa ekki getað undirbúið nemendur fyrir fjarnámið. Hjá Visku í Vestmannaeyjum verður slíkum undirbúningi fléttað inn í námsleiðir sem á að setja af stað eftir 4.maí nk.

Framvegis hélt fjarnámskeið í samstarfi við Virk fyrir ungt fólk með félagsfælmi og kvíða og tókst það vonum framar. Unga fólkinu fannst sumu þægilegra að hittast á netinu en þurfa að mæta öðrum í raunheimum. Nokkuð var um að miðstöðvarnar hefðu boðið upp á stutt námskeið/örfyrirlestra um ýmis konar málefni og nokkur raunfærnimatsverkefni voru í gangi á meðan á samkomubanni stóð. Matið fór þá alfarið fram í gegnum netið. Núna eftir samkomubann verða aftur í boði staðnámskeið þó með þeim takmörkunum sem sett eru fram í tilmælum yfirvalda og áfram verður leitast við að bjóða upp á námskeið og aðra þjónustu á vefnum.

Ýmis kerfi voru notuð til að miðla námi og þjónustu, Skype for business, Zoom, Teams, Facebook og Messenger. Að minnsta kosti var engin ládeyða hjá símenntunarmiðstöðvum í samkomubanni og aðlögunarhæfni starfsmanna og námsmanna almennt aðdúnarverð.

Samhæfingarhópur um atvinnu- og menntaúrræði hefur verið stofnaður og starfar á vegum félagsmála- og menntamálaráðuneyta. Hópnum er ætlað að skoða stöðu atvinnuleitenda og námsmanna og atvinnu- og menntaúrræði þeirra við þær breyttu aðstæður sem nú eru upp í íslensku samfélagi. IK er fulltrúi Leiknar í hópnum og henni til vara er Hildur Elín Vignir frá Iðunni. Verið er að vinna lokaútgáfu að tillögum samhæfingarhóps og mun IK senda stjórn skjalið þegar lokaútgáfa liggur fyrir.

Umræða skapaðist um nám og utanumhald í framhaldsskólunum nú á þessum vikum sem skólarnir hafa verið lokaðir og kennsla farið fram á vefnum. Náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskólum hafa lagt sig fram um að halda utan um nemendur sér í lagi þá sem eru í brotthvarfshættu. Þá fór út bréf til skólameistara framhaldsskóla fyrr í dag þar sem óskað er eftir að skólarnir sendi inn umsóknir um sértæk námsúrræði til að bjóða upp á sumarið 2020. Rætt var um möguleika framhaldsfræðslunnar til að mæta ástandinu og mæta þörfum ólíkra hópa. Líklega myndu smiðjunámskrár

framhaldsfræðslunnar henta best en miðað við þau einingaverð sem gefin eru upp í bréfi til skólameistara þá efast stjórn um að framlagið standi undir kostnaði.

2. Manifesto - staðan

Farið var yfir stöðuna á yfirlestri á Manifesto, GV og HS ganga frá textanum til uppsetningar.

3. Veferindi á dagskrá

GV mun heyra í Markusi Hermann Meckl (MHM) varðandi erindi um niðurstöður rannsóknar á viðhorfi þátttakenda í íslenskunámi fyrir útlendinga, en ekki hefur gengið eftir að fá upptökur frá Ísbrú með erindunum sem MHM hélt hjá Mími. GH hefur ýtt á eftir erindi Starfsmenntar og Keilis um raunfærninat á móti kröfum Háskólabrúar Keilis. IK mun skoða að setja saman erindi um námskeið hjá Framvegis en ekki fyrr en eftir um þrjár vikur. HS mun leitast við að útbúa erindi um verkefni hjá SÍMEY til dreifingar fljótlega.

4. Ráðstefna Kvasis, Leiknar og NVL

Ráðstefnunni hefur verið frestað og er stefnt að því að halda hana í október 2020. Undirbúningur var vel á veg kominn þegar ákveðið var að fresta henni. Endanleg dagsetning fer eftir dagskrá mennta- og menningarmálaráðherra.

5. Aðalfundur Leiknar

Kvasir mun halda sinn aðalfund 12.maí nk. í gegnum Teams. Samkvæmt samþykktum Leiknar þarf að halda aðalfund Leiknar fyrir lok maímánaðar ár hvert. Í ljósi ástandsins sér stjórn þó ekki fram á að geta uppfyllt þetta skilyrði en stefnir á fund strax í fyrstu viku júnímánaðar. Aðalfundur Leiknar er því áformaður miðvikudaginn 3.júní og verður fundarboð með gögnum sent út í síðasta lagi 20.maí nk.

6. Önnur mál

IK hóf máls á því hvort tímabært væri að bjóða fleirum aðild að samtökunum. Aðilar sem hafa mætti í huga eru Fisktækniskólinn, Fjölsmiðjan og Háskólagátt Bifrastar. Skoða þarf ákvæði í lögum Leiknar áður en fræðsluaðilunum verður sent boðsbref og var samþykkt að fela ES að skoða löggin og hvort eitthvað sé því til fyrirstöðu að þessi aðilar gerist félagar í samtökunum.

Rætt um námsferð Leiknar til Danmerkur, sem fyrirhuguð var í byrjun apríl en hætt var við sökum Covid-19. Heimboðið stendur enn og HS mun kanna hvort fýsilegt sé að stefna á ferð í lok nóvember til að heimsækja frændur vora.

Fundi slitið kl. 14:30, næsti fundur verður miðvikudaginn 13.maí kl. 11:00 á Teams.